

AFRÍKA 20:20

LÖG FÉLAGS ÁHUGAFÓLKS Á ÍSLANDI UM AFRÍKU SUNNAN SAHARA

*Samþykkt á stofnfundi félagsins í
Alþjóðahúsinu í Reykjavík þ. 19. febrúar 2002.*

Endurskoðuð lög samþykkt á aðalfundi 12. mars 2015.

1. grein

Nafn félagsins

Félagið heitir *Afríka 20:20—félag áhugafólks um Afríku sunnan Sahara* (á ensku *Africa 20:20—Icelandic Association for sub-Saharan Africa*).

2. grein

Heimili og varnarþing

Starfssvæði félagsins er landið allt. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

3. grein

Markmið félagsins

Afríka 20:20—félag áhugafólks um Afríku sunnan Sahara leggur áherslu á mannréttindi og umburðarlyndi í samskiptum og skoðanaskiptum. Markmið félagsins eru m.a. að:

- skapa vettvang fyrir frjóa umræðu um málefni Afríku sunnan Sahara;
- stuðla að auknum menningarlegum samskiptum milli Íslendinga og þjóða sem búa í Afríku sunnan Sahara;
- vekja athygli og áhuga á málefnum tengdum Afríku sunnan Sahara;
- vera virkur þátttakandi í almennri umræðu um málefni tengdum markmiðum félagsins;
- veita stuðning málefnum tengdum Afríku eftir efnum og aðstæðum félagsins hverju sinni;
- hafa samskipti við sambærileg erlend samtök.

4. grein

Aðild að félaginu

Rétt til aðildar að félaginu á áhugafólk um málefni Afríku sunnan Sahara. Umsókn um aðild er yfirlýsing um stuðning við markmið félagsins og þær hugmyndir sem félagið grundvallast á (sbr. 3. gr.). Umsókn um aðild að félaginu skal berast stjórn bréflega og tekur hún ákvörðun um aðild hverju sinni.

5. grein

Réttindi og skyldur félagsmanna

Félagsmenn hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins. Rétt til að greiða atkvæði á fundum félagsins og kjörgengi í stjórn og nefndir hafa einungis þeir sem greitt hafa félagsgjöld. Allir félagsmenn og aðrir sem skrá sig á netfangalista félagsins fá senda til sín netpósta um starfsemi félagsins og býðst að vera á fébókarsíðu félagsins.

Félagsmönnum ber að virða lög félagsins, fundarsköp, fundarsamþykktir og ákvarðanir stjórnar. Félagsmönnum er óheimilt að tjá sig á opinberum vettvangi í nafni félagsins nema með samþykki stjórnar.

Félagsmönnum er skylt að greiða félagsgjald samkvæmt ákvörðun aðalfundar hverju sinni. Félagismaður sem ekki greiðir félagsgjöld í 2 ár missir öll réttindi í félaginu.

Enginn félagsmanna ber persónulega ábyrgð á skuldbindingum félagsins.

6. grein

Aðalfundur

Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Hann skal haldinn á fyrsta ársfjórðungi hvers árs. Allir félagsmenn eiga rétt til setu á aðalfundi með málfrelsi, tillögurétt og atkvæðarétt. Fundurinn skal boðaður skriflega með minnst 2 vikna fyrirvara. Í fundarboði skal greina fundarefni. Stjórn félagsins skipuleggur og ber ábyrgð á framkvæmd aðalfundar. Dagskrá aðalfundar er eftirfarandi:

1. Setning fundar og kynning dagskrár.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfstímabili.
4. Reikningar félagsins lagðir fram.
5. Starfsáætlun og fjárhagsáætlun næsta starfstímabils lagðar fram.
6. Ákvörðun félagsgjalda.
7. Lagabreytingar.
8. Kosning formanns til eins árs.
9. Kosning eins stjórnarmanns, eins varamanns og eins skoðunarmanns reikninga til tveggja ára.
10. Kosning í nefndir félagsins.
11. Önnur mál.

Á aðalfundi ræður meirihluti atkvæða úrslitum, þó þarf a.m.k. 2/3 atkvæða til lagabreytinga (sjá gr. 7). Komi fram tillaga um að leggja félagið niður þarf samþykki a.m.k. 2/3 hluta atkvæðisbærra félagsmanna

Halda skal gerðarbók um aðalfundi félagsins og skrá allar samþykktir og ákvarðanir. Fundargerðir aðalfunda skulu aðgengilegar félagsmönnum eigi síðar en fjórum vikum eftir að aðalfundur er haldinn.

7. grein

Lagabreytingar

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi félagsins. Tillaga til lagabreytingar skal berast stjórn tveimur vikum fyrir aðalfund. Ef tillaga til lagabreytingar verður tekin til meðferðar á aðalfundi skal þess getið í fundarboði og gerð grein fyrir tillögunni þar.

8. grein

Stjórn félagsins

Stjórn félagsins skal skipuð þremur félagsmönnum og tveimur til vara sem kosnir eru á aðalfundi. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund. Í stjórn eru, auk formanns, ritari og gjaldkeri sem jafnframt er varaformaður. Ef stjórnarmaður gengur úr félaginu eða hættir stjórnarstörfum ber varamanni að taka sæti hans. Stjórnarmaður situr að jafnaði samfelld ekki lengur í stjórn en 6 ár.

Stjórn er málsvari félagsins og fer með málefni þess á milli aðalfunda og annast framkvæmd á ákvörðunum hans. Stjórn tekur ákvarðanir á fundum. Stjórnarfundir skulu vera a.m.k. ársfjórðungslega og boðar formaður til þeirra. Halda skal gerðarbók um það sem fjallað er um á stjórnarfundum og skal hún vera aðgengileg félagsmönnum. Stjórnarfundur er ákvörðunarbær ef þrír stjórnarmenn og varamenn hið fæsta sitja fundinn. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í kosningum á stjórnarfundum. Stjórn félagsins skal hafa umsjón með rekstri félagsins og bera ábyrgð á fjárreiðum þess. Endurskoðaðir reikningar félagsins skulu liggja frammi a.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund ár hvert. Stjórn tekur ákvarðanir um ráðningu starfsmanna félagsins. Stefnt skal að stofnun nefnda um tiltekin áhugasvið félagsmanna. Firmarritun félagsins er í höndum formanns og gjaldkera.

9. grein

Málstofur og önnur starfsemi

Félagið heldur málstofur að jafnaði minnst tvisvar sinnum á ári. Á málstofunum skal fjalla um málefni sem snerta tilgang og markmið félagsins. Félagið skal einnig standa að og/eða taka þátt í öðrum viðburðum sem tengjast markmiðum þess. Stjórn ber ábyrgð á framkvæmd málstofanna og annarra viðburða og sér um skipulagningu þeirra eða felur hana öðrum félagsmönnum og áhugafólki um málefnið. Viðburðir félagsins eru opnir öllu áhugafólki um málefni Afríku sunnan Sahara.

10. grein

Félagsfundir

Auk aðalfundar skal halda tvo félagsfundi árlega og hvenær sem stjórn félagsins álitur það nauðsynlegt. Stjórn ber að boða til félagsfundar ef tíu af hundraði félagsmanna en þó aldrei færri en tíu óska þess formlega. Til félagsfundar skal boðað með a.m.k. sjö daga fyrirvara. Halda skal fundargerð um það sem fjallað er um á félagsfundum og skal hún vera aðgengileg félagsmönnum.

11. grein

Gildistími

Lögin, með samþykktum breytingum, öðlast gildi við samþykkt þeirra á aðalfundi félagsins, 12. mars 2015.

Stofnfélagar eru þeir sem gerðust félagar frá stofnfundi til fyrsta félagsfundar.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Endurskoðuð lög samþykkt á aðalfundi Afríka 20:20—félagi áhugafólks um Afríku sunnan Sahara þ. 12. mars 2015.